



Austurland – Austfirsk eining

Stöðuskýrsla og samantekt
Júní 2011



Þróunarfélag Austurlands

Formáli	4
Inngangur	5
Íbúafjöldi	8
Íbúaþróun á Austurlandi 2002-2011	9
Samgöngur	10
Framtíðarsýn í samgöngum.....	10
Almenningssamgöngur	12
Samgönguöxlar á Austurlandi.....	15
Stjórnsýsla.....	17
Starfsmannafjöldi sveitarfélagana.....	20
Félagsþjónusta.....	20
Fræðslu- og uppeldismál	20
Menningarmál	24
Æskulýðs- og íþróttamál	24
Brunamál – og almannavarnir.....	24
Hreinlætismál.....	25
Skipulags- og byggingarmál- Umhverfismál.....	25
Atvinnumál	27
Yfirfærsla verkefna frá ríki til sveitarfélaga	34
Niðurstaða	35
Lokaorð	37

Formáli

Á 43. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sem haldinn var á Seyðisfirði 25. og 26. september 2009 var samþykkt að skipa starfshóp sem hefði það að markmiði að skoða kosti og galla þess að sameina þau átta sveitarfélög sem eru á Austurlandi, í eitt. Á aðalfundinum var eftirfarandi samþykkt:

að gera tillögur að stjórnkerfi nýs sameinaðs sveitarfélags
að leita eftir samvinnu við ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála um mögulega sameiningu
að kanna vilja ríkisvaldsins til sameiginlegrar stefnumörkunar um opinberar framkvæmdir og verkaskiptingu slíks sveitarfélags og ríkisvaldsins
að fjalla um þau áhrif sem tilkoma hins nýja sveitarfélags hefði í för með sér fyrir austfirskt samfélag með sérstakri áherslu á þau tækifæri sem sköpuðust

Í framhaldi aðalfundarins var ákveðið að skipa starfshóp og var leitað til sveitarfélaganna á svæðinu eftir tilnefningum. Starfsmenn Þróunarfélag Austurlands komu einnig að vinnunni.

Á 44 aðalfundi SSA, var eftirfarandi samþykkt gerð:

44. aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, samþykkir að sveitarfélög á starfssvæði sambandsins endurskipi í starfshóp SSA og sveitarstjórnarráðuneytisins og skuli hópurinn bera vinnuheimið „Austfirsk eining“. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu samhengi:

að vinna skuli að því að greina möguleika á frekara samstarfi allra sveitarfélaga á svæðinu um einstök verkefni.

að starfshópurinn skoði möguleika á verkefnatilflutningi frá ríki til sveitarfélaga með það í huga að sveitarfélögin á Austurlandi leysi þau í sameiningu.

Að starfshópurinn haldi áfram vinnu við að greina kosti og galla sameiningar Austurlands í eitt sveitarfélag. Vinnan byggi á tímamótasamþykkt 43. aðalfundar SSA og styðst einnig við samþykkt stjórnar SSA frá 2. nóvember 2009 um áherslur sem þar koma fram.

44 aðalfundur samþykkti einnig eftirfarandi samþykkt um stöðstofnanir sveitarfélagana á Austurlandi :

Aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, samþykkir að haldið verði áfram að móta nýtt stjórnskipulag SSA og stöðstofnana með það markmið í huga að auka hagræðingu og efla þjónustu. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu sambandi: samþykkir að haldið verði áfram að móta nýtt stjórnskipulag SSA og stöðstofnana með það markmið í huga að auka hagræðingu og efla þjónustu. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu sambandi: Stjórn SSA endurskipi starfshóp til að leiða vinnuna. Í starfshópinn verði skipaðir þrír fulltrúar af SSA og að auki skipi Þróunarfélag Austurlands, Atvinnuþróunarsjóður Austurlands, Menningarráð Austurlands og Markaðsstofa Austurlands einn fulltrúa hvert í hópinn. Jafnframt verði þekkingarneti

Austurlands boðin þátttaka í verkefninu með því að skipa fulltrúa í starfshópinn. Framkvæmdastjóri SSA vinni með starfshópnum. Hópurinn skal upplýsa stjórnir Þróunarfélagsins, Atvinnuþróunarsjóðsins, Menningarráðsins og Markaðsstofu Austurlands um framgang verkefnisins með reglubundnum hætti. Með sama hætti skal hópurinn upplýsa stjórn Þekkingarnets Austurlands. Í störfum sínum skal hópurinn taka tillit til undirbúnings nýs menningarsamnings sem nú er í burðarliðnum svo og verkefnis sem felur í sér mat og endurgerð á stoðkerfi iðnaðarráðuneytisins, en vinna við þetta verkefni er nýlega hafin. Stefnt skal að því að hópurinn kynni tillögur sínar í maímánuði 2011 og verði þær teknar til umræðu á aðalfundi SSA það ár.

Í framhaldi af samþykktum aðalfundar fól stjórn SSA starfshópi úr röðum sveitarstjórnarmanna að vinna tillögur til aðalfundar um framtíðarskipan sveitarfélagamála og stoðstofnana þeirra. Með starfshópnum starfa starfsmenn Þróunarfélags Austurlands.

Inngangur

Með samþykkt 43 aðalfundar SSA og samþykkt 44 fundar SSA er ljóst að mikill áhugi er meðal sveitarstjórnarfólks að breyta því fyrirkomulagi sem nú er á mörkum sveitarfélaga. Þá er ríkur vilji til að endurskoða stoðstofnanir sveitarfélagana. Einnig er ljóst að sveitarstjórnarmenn telja mikilvægt að endurskoða samskipti ríkis og sveitarfélaga með frekari verkefnaflutningi yfir til sveitarfélagana að markmiði. Núverandi og fyrrverandi ráðherrar sveitarstjórnarmála hafa lýst þeirri skoðun sinni að efling sveitarstjórnarstigsins með stækkum þeirra og verkefnaflutningi frá ríkisvaldinu sé mikilvægur þáttur í styrkingu sveitarstjórnarstigsins. Núverandi ráðherra lýsti þessari skoðun sinni á fundi hjá sveitarfélögum á Vesturlandi 10. september 2010. Eftirfarandi kom fram hjá ráðherra:

“Þá ræddi ráðherrann um sveitarstjórnarmál og sagði mörg verkefni í vinnslu sem miðuðu að eflingu sveitarstjórnarstigsins. Nefndi hann þannig endurskoðun sveitarstjórnarlaga, fyrirhugaðar reglur um fjármál og flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga og fleira. Eðlilegt væri að kanna rækilega hvernig mætti stækka þessar mikilvægu einingar og styrkja þær. Minnti hann á að verkefnisstjórn um eflingu sveitarfélaga myndi kynna hugmyndir sínar á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga í lok mánaðarins.”

Frá árinu 1986 hefur sveitarfélögum á núverandi starfssvæði SSA fækkað úr 28 í 8.

Sveitarfélög árið 1986:

1. Skeggjastaðarhreppur
2. Vopnafjarðarhreppur
3. Hróarstunguhreppur
4. Jökuldalshreppur
5. Hlíðarhreppur
6. Fellahreppur

7. Fljótsdalshreppur
8. Skriðdalshreppur
9. Vallahreppur
10. Egilsstaðir
11. Eiðahreppur
12. Hjaltastaðahreppur
13. Borgarfjarðarhreppur
14. Seyðisfjarðarhreppur
15. Seyðisfjörður
16. Mjóafjarðarhreppur
17. Norðfjarðarhreppur
18. Neskaupstaður
19. Helgustaðahreppur
20. Eskifjörður
21. Reyðarfjarðarhreppur
22. Fáskrúðsfjarðarhreppur
23. Búðahreppur
24. Stöðvarhreppur
25. Breiðdalshreppur
26. Beruneshreppur
27. Búlandshreppur
28. Geithellnahreppur

Sameining sveitarfélaga 1986-2010

1. janúar 1988

Eskifjarðarkaupstaður

- Helgustaðarhreppur
- Eskifjarðarkaupstaður

1. apríl 1990

Seyðisfjarðarkaupstaður

- Seyðisfjarðarhreppur
- Seyðisfjarðarkaupstaður

1. október 1992

Djúpavogshreppur

- Beruneshreppur
- Búlandshreppur
- Geithellnahreppur

11. júní 1994

Neskaupstaður

- Neskaupstaður
- Norðfjarðarhreppur

27. desember 1997

Norður-Hérað

- Hlíðarhreppur
- Tunguhreppur
- Jökuldalshreppur

7. júní 1998

Austur-Hérað

- Skriðdalshreppur
- Vallahreppur
- Egilsstaðabær
- Eiðahreppur
- Hjaltastaðarhreppur

7. júní 1998

Fjarðabyggð

- Neskaupstaður
- Eskifjarðarkaupstaður
- Reyðarfjarðarhreppur

10. maí 2003

Austurbyggð

- Búðahreppur
- Stöðvarhreppur

1. nóvember 2004

Fljótsdalshérað

- Austur-Hérað
- Fellahreppur
- Norður-Hérað


8. október 2005

Fjarðabyggð

- Fjarðabyggð
- Mjóafjarðarhreppur
- Fáskrúðsfjarðarhreppur
- Austurbyggð

Íbúafjöldi

Aldurssamsetning íbúa átta sveitarfélaga sem tilheyra SSA í júlí 2010



Mynd x – Aldurssamsetning í sveitarfélögum á Austurlandi skv. tölum frá Hagstofu Íslands – júlí 2010

Íbúáðróun á Austurlandi 2002-2011

Tafla 1	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Seyðisfjörður	775	749	730	714	736	726	715	717	706
Fjarðabyggð	3065	3063	3110	3177	3907	5713	5155	4723	4641
Skeggjastaðahreppur	141	138	133	137	125	0	0	0	0
Vopnafjarðarhreppur	743	757	735	728	726	712	699	674	683
Fljótshlíahreppur	82	84	100	260	376	526	394	135	89
Fellahreppur	461	440	470	0	0	0	0	0	0
Borgarfjarðarhreppur	150	139	140	137	146	148	146	142	134
Norður-Hérað	313	287	324	0	0	0	0	0	0
Mjóafjarðarhreppur	31	36	37	38	42	0	0	0	0
Fáskrúðsfjarðarhreppur	63	57	51	51	48	0	0	0	0
Búðahreppur	571	566	0	0	0	0	0	0	0
Stöðvarhreppur	257	275	0	0	0	0	0	0	0
Breiðdalshreppur	271	267	260	249	232	246	213	197	210
Djúpavogshreppur	522	495	490	480	454	461	455	454	443
Austur-Hérað	2021	2065	2145	0	0	0	0	0	0
Austurbyggð	0	0	861	871	859	0	0	0	0
Fljótshlíshérað	0	0	0	3368	3990	4653	4100	3695	3467
Samtals	9.466	9.418	9.586	10.210	11.641	13.185	11.877	10.737	10.373

Tafla 1 sýnir íbúðróun á Austurlandi á árunum 2002- 2010.

Tafla 2 sýnir íbúðróun í byggðakjörnum frá á Austurlandi 1998-2011. Um er að ræða byggðakjarna sem sameinast hafa öðrum byggðakjörnum. Til fróðleiks eru teknir þeir byggðakjarnar sem ekki hafa sameinast þ.e.a.s. Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og Vopnafjarðarhreppur. Lesa má út úr þessum samanburði að sameining ein og sér hefur ekki áhrif á íbúðróun. Þó svo að um sé að ræða sameiningu tveggja eða fleiri byggðakjarna.

Tafla 2	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Neskaupstaður	1523	1453	1412	1412	1395	1402	1410	1404	1400	1432	1459	1454	1451	1437
Eskifjörður	1009	1028	1003	979	961	967	972	999	1008	1063	1119	1087	1062	1043
Skeggjastaðahreppur	127	123	125	131	117	114	106	109	96	80	74	78	75	72
Fellahreppur	361	365	360	371	382	360	338	417	402	446	449	451	427	416
Egilsstaðir	1637	1573	1607	1600	1608	1641	1721	1765	1905	2159	2243	2265	2277	2257
Reyðarfjarðarhreppur	683	668	647	632	616	623	671	696	1424	2250	1502	1098	1090	1102
Búðahreppur	627	616	585	573	571	566	549	614	623	612	689	695	667	662
Stöðvarhreppur	292	269	276	271	257	275	262	257	236	231	232	235	223	203
Breiðdalshreppur	218	207	188	191	189	182	177	163	157	169	149	129	144	139
Djúpavogshreppur	411	376	382	401	394	384	385	379	361	367	359	363	344	352
Vopnafjarðarhreppur	852	820	789	752	743	757	735	728	726	712	699	674	683	668

Samgöngur

Framtíðarsýn í samgöngum

Til að landshlutinn Austurland nái því að verða eitt þjónustusvæði eru góðar landsamgöngur lykilatriði.

Frá Vopnafirði í norðri til Hornafjarðar í suðri um Vopnafjarðarheiði, Háreksstaðir og Breiðdalsheiði, 381 km. Fjórir erfiðir fjallvegir gera landssamgöngur í landshlutanum milli byggðarlaga torveldar.

Fjallvegir s.s. Helliheiði - Fjarðarheiði og Oddskarð ásamt Öxi eru ekki boðlegir í hraða nútíma samfélags sem er í harðri samkeppni um íbúa og atvinnutækifæri.

Með slíkar hindranir næst ekki sú samfélagslega heild sem nauðsynleg er í stóru sveitarfélagi. Hér þarf því að verða breyting á næstu árum :

Sveitarstjórnarmenn á Austurlandi hafa á aðalfundi SSA 2009 því samþykkt og sett fram eftirfarandi framtíðarsýn í landssamgöngur á Austurlandi

Framtíðarsýn í landsamgöngum á Austurlandi byggist á þremur meginásam í austfirsku atvinnulífi. Þeir eru Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði, Ferjuhöfn í Seyðisfirði og Flugvöllur á Egilsstöðum (sjá meðf. greinargerð starfshóps SSA til aðalfundar 2009)

Litið sé á að þessir meginásar séu þau svæði sem eiga eftir að skila Austfirðingum öllum auknum atvinnutækifærum, og því nær sem þessir staðir eru hvor öðrum í tíma, þeim mun meiri líkur eru að tækifærin nýtist öllum Austfirðingum.

Því leggur SSA til að sú leið verði farin sem hér segir í því að byggja upp samgöngur til framtíðar á Austurlandi:

Leitast verði við að stytta allar meginleiðir milli þessara þriggja ása sem nefndir eru hér að ofan. Með tryggum heilsárssamgöngum og hámarksstyttingu, verður meginpartur Austurlands orðinn að einu atvinnu- og þjónustusvæði.

Skilgreining á þjónustusvæði hefur til þessa falist í 100 km radíus frá þjónustukjarna og skilgreining atvinnusvæðis hefur falist í 50 km radíus frá vinnustað.

Ljóst er að uppbygging þjónustu og atvinnutækifæra á jaðarsvæðum verður auðveldari eftir því sem vegalengdir innan fjórðungsins styttest.

Einnig segir svo í samþykkt aðalfundar SSA 2009.

Fundurinn er sammála um að áherslur á vegabætur byggist ætíð á eftirtöldum forsendum:

- Öryggi vegfarenda
- Umferðarþunga
- Styttingu vegalengda
- Tryggjum heilsárssamgöngum

Á tímabilinu 2011 – 2022 verði lögð áhersla á eftirfarandi þætti:

- Að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp og endurbæta það. Einnig þarf að tryggja fjármagn í þær framkvæmdir sem nú þegar hafa verið ákveðnar og undirbúnar.
- Að leggja alla stofn- og tengivegi í fjórðungnum bundnu slitlagi
- Markviss fækkun einbreiðra brúa
- Markviss stytting vegalengda.
- Veggöng til að tryggja öryggi, heilsárssamgöngur og stytta vegalengdir
- Að efla almenningssamgöngur í fjórðungnum.

Austurland er eini landshlutinn við hringveginn þar sem ekki er lokið við að leggja bundið slitlag og því er enn ekið á malarvegi.

Því leggur aðalfundur SSA 2009 áherslu á eftirfarandi :

- 1 Að eftirtaldir kaflar á þjóðvegi 1 verði forgangsverkefni og að þeim verði lokið sem allra fyrst:
 - í Berufjarðarbotni.
 - í Breiðdal.
 - í Skriðdal.
- 2 Að auknu fjármagni verði veitt til nýframkvæmda, með tilliti til öryggis, umferðarþunga styttinga og uppbyggingar, s.s.
 - um Jökulsárhlíð.
 - á Borgarfjarðarvegi.
 - Mjóafjarðarheiði.
 - í Fáskrúðsfirði.
 - í Stöðvarfirði.
 - á Öxi.
 - um Reyðarfjarðarbotn
- 3 Að mikilvægt sé að auka verulega vetrarþjónustu Vegagerðarinnar í fjórðungnum til að tryggja öruggar heilsárssamgöngur milli allra byggðakjarna. Fundurinn telur óásættanlegt að dregið verði úr vetrarþjónustu og minnka með því öryggi á vegum í fjórðungnum. Leggja skal áherslu á að þau þjónustustig sem eru skilgreind, séu haldin og stækka þau svæði sem þjónustustig 2 nær til.

Um jarðgöng segir svo í samþykkt aðalfundar 2009.

Bent skal á að Sambandið hefur ályktað um að næstu jarðgöng á Austurlandi eigi að vera Norðfjarðargöng, Vopnafjarðargöng og Seyðisfjarðargöng.

Fundurinn lítur svo á að Norðfjarðargöng verði fyrsti hluti svokallaðra Miðfjarðaganga sem eru jarðgöng frá Eskifirði um Norðfjörð, Mjóafjörð, Seyðisfjörð til Héraðs. Því þurfi

að tryggja fjármagn til áframhaldandi rannsókna og undirbúnings þessa verkefnis. SSA telur það algerlega óásættanlegt að engar fjárveitingar séu settar til rannsókna og undirbúnings á næstu göngum á Austurlandi til samræmis við óskir og samþykktir aðalfunda landshlutasamtakanna um þessi mál. Mjög brýnt er að sérgreindar verði rannsóknar- og undirbúningsfjárveitingar til jarðganga milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og hins vegar til ganga á Miðasturlandi.

Almenningssamgöngur

Mikilvægur þáttur í eflingu svæðisins eru góðar samgöngur. Ríkisvaldið hefur veitt fjármunum til sérleyfishafa á svæðinu. Þá hafa fyrirtæki í fjórðungnum boðið starfsmönnum sínum upp á ferðir til og frá vinnustað frá helstu þéttbýlisstöðum með rútubílum. Innanríkisráðuneytið hefur ákveðið að fjármagn sem farið hefur til almenningssamgangna á Austurlandi verði í framtíðinni í höndum eins aðila sem sjái um heildarskipulag almenningssamgangna í fjórðungnum. Ráðuneytið telur að verkefninu verði best komið hjá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi. Til þess að ná fram því markmiði að skapa heilstætt samfélag þar sem flestir íbúar svæðisins hafi sem jafnastan aðgang að atvinnu og þjónustu, skiptir miklu máli að samgöngur innan svæðisins séu greiðar. Ríkisvaldið hefur dregið verulega úr fjárframlögum til þessa málaflokks á síðustu árum. Hækkandi eldsneytisverð og niðurskurður á vetrarþjónustu kallar á góðar almenningssamgöngur á Austurlandi. Markmið ríkisvaldið að koma almenningssamgöngum yfir á sveitarfélögin er að kom á heilstæðu skipulagi almenningssamgangna á landinu í heild. Til þess að ná því fram verður að fylgja aukið fjármagn frá ríkisvaldinu, þannig að hægt sé að skipuleggja þær með þarfir notenda að leiðarljósi.

Gera þarf heilstætt skipulag, sem tekur á vegakerfi, samgöngum milli staða og tengist við vinnustaði, skóla, helstu þjónustustaði og flugvelli. Nýta fjármagn sem sérleyfin á svæðinu fá frá ríkinu í dag og tryggja viðbótarfjármagn frá ríki og hagsmunaaðilum á svæðinu til að hægt sé að skipuleggja þétt samgöngunet um Austurland. Slíkt samgöngunet er ein af brýnustu forsendum fyrir uppbyggingu heilstæðs samfélags á svæðinu.

Núverandi staða

Almenningssamgöngur hafa verið við lýði á Austurlandi um áratuga skeið. Sérleyfishafa hafa haldið uppi þjónustu milli stað við oft mjög erfiðar aðstæður. Með bættum vegum, meiri þjónustu í stærri byggðakjörnum og stærra atvinnusvæði hefur mikilvægi almenningssamgangna aukist. Skipulag almenningssamgangna hefur ekki tekið mið af þeim þjóðfélagsbreytingum sem átt hafa sér stað. Núverandi skipulag byggir í meginatriðum á því markmiði að koma fólki frá byggðakjörnum á næsta flugvöll. Erfitt getur reynst að komast milli staða til dæmis frá suðurfjórðunum til norðursvæðis Austfjarða.

Í skýrslu frá október 2010 „Vistvænar almenningssamgöngur í dreifbýli“ sem Verkfræðistofan Mannvit og Þróunarfélag Austurlands unnu fyrir Vegagerðina er greinargóð úttekt á núverandi stöðu almenningssamgangna á Austurlandi. Í skýrslunni kemur eftirfarandi fram um núverandi almenningssamgöngur á Austurlandi.

Núverandi almenningssamgöngur á Austurlandi

Núverandi almenningssamgöngur á Austurlandi samanstanda af sérleyfisferðum sem eru nokkuð dreifðar og þeim ferðum sem sveitarfélögin á svæðinu leggja til. Aðallega er um sætaferðir að ræða þó eru flugsamgöngur um Egilsstaðaflugvöll og ferja milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar, auk Norrænu sem siglir frá Seyðisfirði til Evrópu.

Rútuferðir

Vegagerðin gefur út sérleyfi til verktaka fyrir leiðir milli þéttbýliskjarna og sveitarfélaga. Á Austurlandi eru nokkrir verktakar ábyrgir fyrir þeim leiðum sem eru innan svæðisins. Eftirfarandi verktakar sjá um rútuleiðir á Austurlandi í dag (Vegagerðin, 2009):

- SBA – Norðurleið – Ein leið (F30)
- Jakob Sigurðsson – Ein leið (F36)
- Ferðapjónusta Austurlands – Ein leið (F37)
- Austfjarðaleið – Tvær leiðir (F38 & F39)
- Sérleyfisferðir Hauks Elíassonar ehf. – Ein leið (F40)

Þessar leiðir eru fjármagnaðir af hluta til af farþegum og niðurgreiddar af Vegagerðinni. Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessar leiða var milli 30 og 32 milljónir króna árið 2009 (Auður Eyvinds, 2009).

SBA-Norðurleið

SBA-Norðurleið hefur sérleyfi fyrir leið F30 (Vegagerðin, 2009). Leið F30 er frá Akureyri til Egilsstaða og stoppar við Goðafoss, Laugar, Skútustaði, Reykjahlíð, Grímsstaði, Vopnafjörð, Skjöldólfsstaði og Jökulsárbrú. Þessi leið er ekin daglega, báðar leiðir allt árið um kring og tekur ferðin um 3,5 klst (SBA-Norðurleið, 2009).

Jakob Sigurðsson – F36

Jakob Sigurðsson hefur sérleyfi fyrir leið F36 (Vegagerðin, 2009). Leið F36 liggur frá Borgarfirði eystri til Egilsstaða og fer eina ferð fram og tilbaka á dag (Borgarfjörður eystri, 2009).

Ferðapjónusta Austurlands – F37

Ferðapjónusta Austurlands hefur sérleyfi fyrir leið F37 (Vegagerðin, 2009). Leið F37 er milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða. Á veturna er leiðin ekin tvisvar á dag alla virka daga og daglega um helgar. Á sumrin er aukaferð báðar leiðir á miðvikudögum og fimmtudögum (Seyðisfjörður, 2009).

Austfjarðaleið – F38 & F39

Austfjarðaleið hefur sérleyfi fyrir tvær leiðir, F38 og F39 (Vegagerðin, 2009). Leið F38 liggur á milli Norðfjarðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Þessi leið er ekin frá mánudögum til laugardaga. Tvisvar á dag er leiðin lengd upp til Egilsstaða. Á veturna eru fimm ferðir fram og til baka

á virkum dögum og tvær ferðir á sunnudögum (Austfjarðaleið. 2009b). Á sumrin eru tvær ferðir á dag frá mánudegi til laugardags og fara þær báðar til Egilsstaða (Austfjarðaleið, 2009a). Meðalfjöldi farþega á þessari leið var um 3,2 farþegar á ferð árið 2009 en 3,4 farþegar á ferð árið 2008. Þessi leið er eins og aðrar sérleyfisferðir niðurgreidd af Vegagerðinni. Árið 2008 var hún niðurgreidd um 10.690.511 kr. en 2009 var upphæðin orðin 11.406.490 kr.

Hin leiðin sem liggur um Fjarðabyggð, F39, gengur á milli Breiðdalsvíkur og Egilsstaða, en stoppar bæði á Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði. Á veturna er þessi leið ekin tvisvar á dag fram og tilbaka en seinni ferðin fer þó aðeins á milli Stöðvarfjarðar og Reyðarfjarðar í staðinn fyrir alla leiðina frá Breiðdalsvík á Egilsstaði (Austfjarðaleið. 2009b). Á sumrin er aðeins ein ferð á dag fram og til baka frá Breiðdalsvík til Egilsstaða (Austfjarðaleið. 2009a).

Meðalfjöldi farþega á þessari leið var 0,8 farþegi á ferð bæði árin 2008 og 2009. Leiðin var niðurgreidd um 6.480.935 kr. árið 2008 en 2009 var hún niðurgreidd um 6.969.335 kr.

Sérleyfisbílar Hauks Elíssonar ehf. – F40

Sérleyfisbílar Hauks Elíssonar ehf. er með sérleyfi á leið F40, milli Djúpavogs og Hornafjarðar (Vegagerðin, 2009). Samkvæmt áætlunum ætti þessi leið að vera ekin fimm sinnum í viku, þrátt fyrir það hefur hún ekki verið ekin um einhvern tíma.

Alcoa Fjarðaál

Alcoa Fjarðaál, er einna stærsti vinnustaðurinn á svæðinu með um eða yfir 450 starfsmenn á Reyðarfirði. Fjarðaál rekur rútuþjónustu fyrir starfsmenn sem er þó einnig opin almenningi, svo lengi sem það er pláss í rútunum. Ekki var hægt að nálgast nákvæma upphæð af þeim peningum sem þetta kostar álverið en kostnaður við allt samgöngukerfi þess eru á milli 150-160m.kr. á ári (Guðmundur Bjarnason, 2010). Þessi

rútuþjónusta ekur þrjár mismunandi leiðir. Á virkum dögum eru þrjár ferðir eknar frá og tvær að álverinu, en um helgar eru tvær ferðir fram og tilbaka.

Leið 1 fer á milli Norðfjarðar og Fjarðaáls og stoppar á Eskifirði. Leið 2 fer á milli Egilsstaða og Fjarðaáls, stoppar á Reyðarfirði og leið 3 fer á milli Breiðdalsvíkur og Fjarðaáls en stoppar á Stöðvafirði og Fáskrúðsfirði. Þessar ferðir eru allar skipulagðar í samræmi við vaktaplan Fjarðaáls.

Ferjuleiðir

Eins og staðan er í dag er um að ræða tvær ferjur á Austurlandi. Það er Norræna, sem er með siglingar milli Seyðisfjarðar og Danmerkur, og ferja sem niðurgreidd er af Vegagerðinni og gengur á milli Norðfjarðar og Mjóafjarðar.“

Samgönguöxlar á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Djúpavogi 26. – 27. september 2008 leggur til að sveitarfélögin skoði sameiginlega möguleika á frekari nýtingu og atvinnuuppbyggingu í tengslum við samgöngumannvirki á svæðinu þ.e. **Egilsstaðaflugvöll, ferjuhöfn á Seyðisfirði og Mjóeyrarhöfn**. Fundurinn leggur til að myndaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að greina og kanna tækifæri til uppbyggingar og samstarfs. Hópurinn verði skipaður fulltrúum frá atvinnumálanefndum sveitarfélaganna og vinni náið með Próunarfélagi Austurlands að framgangi málsins og skili af sér niðurstöðum á næsta aðalfund SSA.

Stjórn SSA óskaði eftir tilnefningum frá sveitarfélögunum þremur (nóv. 2008) Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði. Tilnefndir voru: Steinþór Pétursson Fjarðabyggð, Guðmundur Ólafsson og Óðinn G. Óðinsson Fljótsdalshéraði og Katrín Reynisdóttir og Ólafur H. Sigurðsson Seyðisfirði. Framkvæmdastjóri SSA og Hafliði H. Hafliðason ÞFA störfuðu með hópnum. Eiríkur Bj. Björgvinsson bæjarstjóri á Fljótsdalshéraði og Helga Jónsdóttir bæjarstýra í Fjarðabyggð komu starfshópnum einnig til aðstoðar. Starfshópurinn kom þrisvar formlega saman ásamt því að standa fyrir stóru málþingi, *Samgöngumannvirki – tækifæri fyrir Austurland* í júní 2009. Verkefnisstjóri og framkvæmdastjóri SSA hafa unnið upp helstu áherslur sem koma m.a. fram í greinargerðum vinnuhópsins ásamt því að horft hefur verið til þeirra áhersla sem fram komu í Vaxtarsamningi Austurlands og unnar voru árið 2007 um samgönguöxlana þrjá.

Helstu áherslur:

Egilsstaðaflugvöllur *er aðalflugvöllur Austurlands*

Egilsstaðaflugvöllur gegnir veigamiklu hlutverki sem varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll.

Skoða frekari tækifæri vegna frakt flutninga.

Aðstaða verði efld fyrir sjúkraflug og þyrluflug.

Efla markaðssetningu flugvallarins m.t.t. ferðaþjónustu.

Bæta aðstöðu flugvallarins m.a. með lengingu flugbrautar o.fl.

Tryggja verður góðar landsamgöngur að og frá flugvöllum

Ferjuhöfn Seyðisfirði: *Fólksflutninga og skemmtiferðaskipahöfn Austurlands.*

Evrópuleiðin sjóleiðina til og frá Evrópu til Íslands allt frá 1975.

Fjöldi farþega með Norrænu á þessu ári er um 40.000.

Fjöldi farþega með öðrum skemmtiferðaskipum s.l. sumar um 9.000.

Alls fara því um höfnina á ári um 50.000 manns (250 fullar Boeing flugvélar).

Bæta verður alla aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Tryggja verður góðar landsamgöngur að og frá höfninni .

Fjarðarheiði (Evrópuvegur) fer í yfir 610m hæð (10 km) er oft mikill þröskuldur.

Mjóeyrarhöfn: *Inn- og útflutningshöfn Austurlands.*

Hafnasamlag Fjarðabyggðar (7 hafnir) er eitt öflugasta hafnasamlag á Íslandi. Mjóeyrarhöfn er þar flaggskipið. Stærsti vinnustaður á Austurlandi um 700 manns vinna þar á svæðinu við höfn, álver og afleidd störf.

Flutningamagn á árinu 2008: 1.232.000 tonn

Mjóeyrarhöfn í nálægð við Reyðarfjarðarhöfn með óteljandi möguleika fyrir aukna hafnsækna starfsemi. Margt er í skoðun.

Tryggja verður góðar landsamgöngur að og frá höfninni.

Sveitarstjórn og svæðisstjórnir

Í vinnu verkefnisstjórnar SSA og nefndar um sameiningu sveitarfélaga á landsvísu hefur talsvert verið rætt um breytingar á uppbyggingu og hlutverki sveitarstjórna með það að markmiði að tryggja betur íbúalýðræði og áhrif jaðarsvæða.

Stjórnsýsla

Uppbygging sveitarstjórnar og stjórnsýslu

Gert er ráð fyrir því að stjórnsýslusvæði sveitarfélagsins nái yfir allt sveitarfélagið, bæði sveitarstjórn og stjórnsýsluna í heild sinni. Mikilvægt er að yfirstjórn stjórnsýslunnar sé dreifð á fleiri stöðum.

Í frumvarpi til sveitarstjórnarlaga sem lagt var fyrir á Alþingi, 139. löggjafarþingi 2010-2011 er ákvæði í 38. gr. „Nefnd fyrir hluta sveitarfélags“

„Sveitarstjórn getur kosið nefnd til að fara með afmörkuð málefni eða málaflokka í hluta sveitarfélags.

Ef mælt er fyrir um kosningu slíkrar nefndar í lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélags telst hún til fastanefnda sveitarstjórnar.

Í samþykkt um stjórn má ákveða að nefnd samkvæmt þessari grein skuli kjósa í almennum kosningum í viðkomandi hluta sveitarfélagsins. Sé þeirri heimild beitt má enn fremur mæla fyrir um að aðeins séu kjörgengir í nefndina þeir sem lögheimili eiga í viðkomandi hluta sveitarfélagsins. Að öðru leyti gilda um störf slíkrar nefndar, kjörgengi, réttindi og skyldur nefndarmanna og aðra þætti ákvæði þessa kafla eftir því sem við getur átt.“

Vegna dreifðar byggðar á Austurlandi væri hægt að sjá fyrir fyrirkomulag sem kemur fram í greininni.

Bæjarstjóri/Framkvæmdarstjóri

Bæjarstjóri/framkvæmdastjóri getur bæði verið pólitískt kjörinn eða ráðinn af viðkomandi bæjarstjórn.

Stjórnsýsla og þjónusta

Með stærri og öflugri sveitarfélögum gefst tækifæri á að safna saman í eina rekstrar- og þjónustueiningu tengdum verkefnum sem í dag eru unnin á 2-3 ólíkum stjórnsýslustigum. Þannig mætti byggja upp í nýju sameinuðu sveitarfélagi nokkuð sem kalla mætti íbúðþjónustu eða velferðarþjónustu sveitarfélaga, eftir því um hvaða málaflokka er að ræða. Helsti ávinningurinn við tilurð slíkrar þjónustueiningar er einfaldara og aukið aðgengi íbúa að allri nærþjónustu. Einnig má gera ráð fyrir ákveðnum samlegðaráhrifum, rekstrarhagræðingu og skilvirkni í stjórnsýslu. Með stærri og fjölbreyttari rekstrareiningum eru einnig meiri líkur á faglegri uppbyggingu og auknu aðgengi að sérfræðingum.

Sveitarfélögin átta halda úti skrifstofum með mismunandi þjónustustig. Í stærri sveitarfélögunum er öll sú þjónusta fyrir hendi sem sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir.

Smærri sveitarfélögin eru sum hver í samstarfi við önnur sveitarfélög um ákveðna þjónustu eða kaupa hana af einkaaðilum.

Sameining sveitarfélaga hefur í gegnum árin haft mest áhrif á stjórnsýslu sveitarfélagana. Með sameiningu hefur fólki fækkað á skrifstofum sveitarfélagana. Stjórnendum fækkar og sveitarstjórnarfulltrúum. Við sameiningu sveitarfélaga eins og hér er fjallað um má færa rök fyrir því að stærri sveitarfélögin geta tekið yfir verkefni smærri sveitarfélagana, án þess að bæta við starfsfólki. Verði Austurland eitt sveitarfélag er því mikilvægt að farnar verði nýjar leiði í stjórnsýslu sveitarfélagana sem byggja á því að veikja ekki minni byggðakjarnana. Frekari verkefnaflutningur frá ríki til sveitarfélaga getur komið í veg fyrir fækkun starfa og styrkt innviði sameinaðs sveitarfélags.

Verði ekkert af verkefnaflutningi samhliða sameiningu sveitarfélaga getur sameining snúist upp í andhverfu sína. Í stað þess að styrkja byggð í landinu má ætla að landsbyggðin veikist á kostnað höfuðborgarasvæðisins.

Með hækkandi gjöldum á innanlandsflug, hugmyndum um vegtolla á megin leiðir inn til höfuðborgarinnar og hærri skatta á eldsneyti, hlýtur það að verða krafa landsbyggðarfólks að opinber þjónusta færist í auknum mæli frá höfuðborginni til íbúana. Að öðrum kosti er verið að mismuna fólki enn frekar hvað varðar aðgengi að opinberri þjónustu.

Sameining stofnanna - Hagræðing í stjórnsýslunni

Á síðasta aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi var eftirfarandi samþykkt gerð: „Aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 24. og 25. sept. 2010, samþykkir að haldið verði áfram að móta nýtt stjórnskipulag SSA og stoðstofnana með það markmið í huga að auka hagræðingu og efla þjónustu. Aðalfundurinn samþykkir eftirfarandi í þessu sambandi: Stjórn SSA endurskipi starfshóp til að leiða vinnuna. Í starfshópinn verði skipaðir þrír fulltrúar af SSA og að auki skipi Þróunarfélag Austurlands, Atvinnuþróunarsjóður Austurlands, Menningarráð Austurlands og Markaðsstofa Austurlands einn fulltrúa hvert í hópinn. Jafnframt verði Þekkingarneti Austurlands boðin þátttaka í verkefninu með því að skipa fulltrúa í starfshópinn. Framkvæmdastjóri SSA vinni með starfshópnum. Hópurinn skal upplýsa stjórnir Þróunarfélagsins, Atvinnuþróunarsjóðsins, Menningarráðsins og Markaðsstofu Austurlands um framgang verkefnisins með reglubundnum hætti. Með sama hætti skal hópurinn upplýsa stjórn Þekkingarnets Austurlands. Í störfum sínum skal hópurinn taka tillit til undirbúnings nýs menningarsamnings sem nú er í burðarliðnum svo og verkefnis sem felur í sér mat og endurgerð á stoðkerfi iðnaðarráðuneytisins, en vinna við þetta verkefni er nýlega hafin.“

Með hliðsjón af samþykkt aðalfundar SSA er mikilvægt að skoða allar leiðir til að styrkja stofnanir sem þjóna Austfirskum samfélögum. Sameining stofnana með það í huga að stytta boðleiðir er einn möguleiki. Aukin verkefni bæði frá ríki og sveitarfélögum með það að leiðarljósi að efla þær er annar þáttur. Mörg verkefni sem eru á hendi ríkisvaldsins í dag geta þessar stofnanir tekið yfir. Þá eru verkefni á vegum einstakra sveitarfélaga sem henta vel fyrir þessar stofnanir að yfirtaka.

Markmiðið með sameiningu sveitarfélaga er meðal annars að nýta betur fjármuni sveitarfélagsins og starfsmenn þess. Efla stjórnsýsluna og gera sveitarfélagið þannig úr garði að fólk hafi það betra eftir sameiningu.

Færa má rök fyrir því að reynsla af sameiningu sveitarfélaga hefur frekar leitt til aukinna útgjalda og jafnvel lakari þjónustu við jaðarbyggðir. Við sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi er mikilvægt að hafa það að markmiði að til verði öflug eining sem hefur burði til að taka á málum sem jafnvel eru á hliðarlínunni í smærri sveitarfélögum. Þar má nefna félags- og barnaverndarmál, sorpmál, brunavarnir, skipulags- og byggingarmál og atvinnumál. Með sameiningu sveitarfélaga er hægt að sinna íbúunum betur. Ráða til sín fagfólk með fjölbreytta þekkingu á hinum ýmsu málaflokkum sem sveitarfélögin fást við. Við sameiningu verða til stærri einingar sem gerir það að verkum að einyrkja störfum fækkar sem reynist oft erfitt að manna sökum faglegrar einangrunar.

Rafræn stjórnsýsla

Hið nýja sveitarfélag mun nýta sér rafræna stjórnsýslu og fjarskipti til þess að bæta þjónustuna. Með því að koma upp svokallaðri íbúagátt á netinu þá hafa allir íbúar jafnan aðgang að upplýsingum og rafrænni þjónustu allan sólarhringinn. Þessi þjónusta kemur sér sérstaklega vel fyrir hinar dreifðu byggðir og þá íbúa sem búa á jaðarsvæðum. Þeir eru þá ekki háðir því að keyra um langan veg eða mæta á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma, heldur er hægt að fá ákveðna þjónustu á hvaða tíma sólarhringsins sem er. Á undanförunum árum hefur orðið mikill breyting hvað varðar heimsóknir á bæjarskrifstofur sveitarfélagana. Með aukinni tölvunotkun, fjarskiptatækni, breytingum á greiðsluformi reikninga og fleira hefur þörfin fyrir hefðbundnar sveitarstjórnarskrifstofur minnkað. Mikilvægi félagsþjónustunnar og starf byggingarfulltrúa hefur að samaskapi eflst með auknum verkefnum sem komið hafa til meðal annars með breytingum á lagaumhverfi málaflokkana.

Öflug stjórnsýsla

Með sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi í eitt sveitarfélag er hægt að nýta fjármuni sem sparast á einu sviði til að efla aðra málaflokka. Góð undirbúningsvinna getur gert það kleift að nýting fjármagns íbúum svæðisins til hagsbóta getur orðið veruleg. Breytingar á stjórnsýslunni með auknu aðgengi íbúana í gegnum tölvu kallar á ákveðinn stofnkostnað. Varast ber þó að byggja ekki upp óraunhæfar væntingar gagnvart íbúum um breytt þjónustustig svæðisins sem erfitt verður að standa að fjárhagslega. Skipta má ákveðnum þjónustubáttum upp, þó ber að varast að gera hana ekki flókna og dýrari með þeim hætti.

Starfsmannafjöldi sveitarfélagana

Sveitarfélög	Stjórnsýslusvið	Bæjar- og sveitarstjórnarmenn	Félagsmálasvið	Íþróttatæskulýðssvið og
Djúpivogur	2,84	5	1,37	2
Breiðdalssvík	2,58	5	2,2	2,8
Fjarðabyggð	14,7	9	20,96	21,05
Seyðisfjörður	3,25	7	2,75	3
Borgarfjörður	1	0	0	0
Vopnafjörður	5	7	1	2
Fljótshálfshérað	16	9	23	11
Fljótshálfshreppur	1	5	0	0
Samtals	46,37	47	51,28	42,3

Sveitarfélög	Skipulags- og byggingarsvið	Menningarsvið	Áhaldshúss og þjónustusvið	Hafnarsvið
Djúpivogur	0	1,2	3	1
Breiðdalssvík	0	0,8	2	1,3
Fjarðabyggð	3	6,88	41,03	9,65
Seyðisfjörður	0	0,40	5,3	1,5
Borgarfjörður	0	0	2	0
Vopnafjörður	0	1	4	1
Fljótshálfshérað	2	0,5	3	0
Fljótshálfshreppur	0	0	0,5	0
Samtals	5	10,78	60,83	14,00

Heildar starfsmannfjöldi fyrir utan starfsmenn skóla er 278,43

Félagsþjónusta

Félagsþjónustan á Austurlandi hefur nú þegar verið sameinuð í tvær einingar. Breiðdalshreppur og Fjarðabyggð standa saman að rekstri félagsþjónustu. Fljótshálfshreppur, Fljótshálfshérað, Seyðisfjörður, Borgarfjörður eystri, Djúpavogshreppur og Vopnafjörður standa saman að rekstri félagsþjónustu. Með tilliti til eðli þjónustunnar eru stærri einingar, þar sem starfsmenn geta unnið saman að lausn mála, ótvíræður kostur. Um síðustu áramót voru málefni fatlaðra færð fá ríki til sveitarfélaga. Skólaskrifstofu Austurlands var falið verkefnið. Við sameiningu sveitarfélagana færir starfsemi skrifstofunnar undir félagsmálasvið og/eða menntasvið sveitarfélagsins eftir því sem verkefni flokkast. Skrifstofan sem slík verður því óþörf eftir sameiningu.

Fræðslu- og uppeldismál

Á svæðinu eru 15 grunnskólar, 15 leikskólar og 13 tónlistarskólar. Á flestum stöðum er tónskólar undir sama þaki og grunnskólar. Því er ekki um sjálfstæðar byggingar að ræða. Þá er samrekstur grunn-leik- og tónskóla komin á í nokkrum sveitarfélögum. Verið er að skoða samrekstur á öðrum stöðum og í Djúpavogshreppi hefur samrekstur skólana verið samþykktur og tekur gildi við upphaf nýs skólaárs í lok sumars. Samrekstur skóla er

komin á, á Breiðdalsvík, Brúarási, Seyðisfirði, Hallormsstað og samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar Djúpavogshrepps verður samrekstur skóla þar frá og með haustinu 2011.

Fjöldi grunn – leik og tónskóla á Austurlandi

Sveitarfélög	Grunnskólar	Leikskólar	Tónskólar
Djúpivogur	1	1	1
Breiðdalsvík	1	1	1
Stöðvarfjörður	1	1	1
Fáskrúðsfjörður	1	1	1
Reyðarfjörður	1	1	1
Eskifjörður	1	1	1
Neskaupsstað	1	1	1
Norðfjörður	1	1	1
Fjarðabyggð	6	6	6
Seyðisfjörður	1	1	1
Borgarfjörður	1	1	0
Vopnafjörður	1	1	1
Hallormsstaður	0,5	0,5	1
Egilsstaðir	1	2	1
Brúarási	1	1	1
Eiðum	1	0	0
Fljótisdalshérað	3,5	3,5	3
Fljótisdalshreppur	0,5	0,5	0
Samtals	15	15	13

Fjöldi starfsmanna í grunn - leik- og tónskólum á Austurlandi

Sveitarfélög	Fjöldi kennara í grunnskólum	Aðrir starfsm. í grunnskólum	Fjöldi kennara í leikskólum	Aðrir starfsmenn í leikskólum	Fjöldi kennara í tónskólum
Djúpivogur	9,6	1	8,67	0	1,1
Breiðdalsvík	5	0,88	2	0	0
Stöðvarfjörður	5,6	2,1	2,5	0	1,15
Fáskrúðsfjörður	13,6	6,4	6,6	0,5	1,15
Reyðarfjörður	21,6	6,6	16,1	1,9	2,25
Eskifjörður	18,1	9,3	13,9	2,1	2,25
Neskaupsstað	30,3	10,2	22,9	8,6	4,5
Norðfjörður	0	0	0	0	0
Fjarðabyggð samtals	89,2	34,7	62	13,1	11,3
Seyðisfjörður	12	6,5	5,58	4,75	2,3
Borgarfjörður	4	1	0,8	0	0
Vopnafjörður	12	9	12	1	1
Hallormsstaður	6,9	3,9	2	0	0
Egilsstaðir					
Brúarási					
Eiðum					
Fljótisdalshérað	59,79	49,44	58,89	0	8,6
Fljótisdalshreppur					
Samtals	191,59	102,52	149,94	18,85	38,40

Fjöldi starfsmanna í skólum 501,30 manns.

Heldar starfsmannafjöldi hjá sveitarfélögum á Austurlandi er því 779,73 starfsmenn.

Fjöldi nemenda í grunnskólum á Austurlandi		
Grunnskólar	Fjöldi nemenda 2010-2011	Fjöldi nemenda 2009-2010
Seyðisfjarðarskóli Seyðisfirði	65	70
Grunnskóli Borgarfjarðar	16	18
Grunnskólinn í Breiðdalshreppi	28	26
Grunnskóli Djúpavogs	45	41
Nesskóli Neskaupsstað	209	216
Grunnskólinn á Eskifirði	145	145
Grunnskólinn í Mjóafjarðar	7	3
Grunnskóli Reyðarfjarðar	179	164
Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar	106	103
Grunnskólinn á Stöðvarfirði	28	30
Brúaráskóli Fljótsdalshéraði	41	36
Fellaskóli Fljótsdalshéraði	106	106
Egilsstaðaskóli Fljótsdalshéraði	335	340
Hallormsstaðaskóli Fljótsdalshéraði	47	42
Vopnafjarðarskóli Vopnafirði	92	83
Samtals:	1449	1423
Fjöldi nemenda í leikskólum á Austurlandi		
Leikskólar	Fjöldi nemenda 2010-2011	Fjöldi nemenda 2009-2010
Brekkubær Vopnafirði	36	45
Brúarás Fljótsdalshéraði	9	4
Hádegishöfði Fljótsdalshéraði	37	38
Tjarnarland Fljótsdalshéraði	44	50
Skógarland Fljótsdalshéraði	121	131
Skógarsel Fljótsdalshéraði	8	10
Glaumbær Borgarfjörður	3	4
Sólvellir Seyðisfjörður	35	40
Mjóifjörður Mjóafirði		3
Sólvellir Nesk. Neskaupstað	94	97
Dalborg Eskifirði	65	64
Lyngholt Reyðarfirði	82	71
Kæribær Fáskrúðsfirðir	32	39
Balaborg Stöðvarfirði	8	9
Ástún Breiðdalsdvík	9	6
Bjarkatún Djúpavogi	39	27
Samtals:	622	638

Breyttar áherslur á sviði fræðslumála geta skapað ný tækifæri á sviði fræðslumála við sameiningu sveitarfélagana. Sérhæfing starfsmanna sem nýta mætti milli skóla bæði með

fjarfundarbúnaði, tölvum eða með því að starfsmaður færi milli skóla. Með slíku fyrirkomulagi er hægt að nýta sérþekkingu starfsmanna nemendum til hagsbóta.

Ein megin forsenda fyrir eflingu skóla á svæðinu er að samstaða náist um breytingar á kjarasamningum kennara þar sem fjallað er um vinnutíma.

Í lög um grunnskóla nr. 91/2008 eru ákvæði um grunnskóla sem reknir eru sem sjálfseignastofnanir og samrekstur skóla:

■ **43. gr.** Viðurkenning grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum.
□ Ráðherra er heimilt að viðurkenna grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 1. gr., sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum í formi sjálfseignarstofnunar eða hlutafélags eða samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélags um stofnun skólans. Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda. Um slíka grunnskóla gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla skv. 1. gr., eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu viðkomandi skóla fylgt ákvæðum stjórnarsýslulaga við töku ákvarðana sem kærarlegar eru skv. 47. gr. Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku.

□ Grunnskólar sem hljóta viðurkenningu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda. Útreikningur Hagstofu Íslands á kostnaði samkvæmt þessari málsgrein skal taka mið af verðlagsbreytingum.

■ **44. gr.** Þróunarskólar.

□ Sveitarfélögum er heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn skólanefnda. Skal stjórnandi slíkrar stofnunar hafa leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi. Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð, sbr. 8. gr., og foreldraráð, sbr. 11. gr. laga um leikskóla, starfi sameiginlega í einu ráði. Ákvæði þetta gildir einnig um skóla sem reknir eru á grundvelli 1. mgr. Hinn samrekni skóli starfar að öðru leyti samkvæmt lögum um viðkomandi skólastig.

Í lögum eru ákvæði sem heimila annað form á skólahaldi heldur en algengast er hér á Austurlandi. Ein leið við sameiningu sveitarfélaga er að bjóða upp á mismunandi rekstrarform s.s. sjálfseignarstofnun og samrekstur grunn-leik- og tónlistarskóla.

Samstarf tónlistarskóla á svæðinu væri einn kostur til að efla tónlistarfræðslu á Austurlandi. Í stærri sveitarfélögum fer fram fjölbreytt kennsla með nokkrum stöðugildum. Í smærri sveitarfélögum er um einyrkja starf að ræða sem reynst hefur oft erfitt að manna til lengri tíma. Einn tónlistarskóli á svæðinu þar sem í boði væri fjölbreytt kennsla í öllum skólum getur styrkt tónlistarfræðslu til lengri tíma. Rekstur tónlistarskóla er málaflokkur sem vel er hægt að sjá fyrir sér í höndum einkaaðila. Með því móti

skapast tækifæri fyrir fagfólk að bjóða upp á og þróa kennslu, námskeiðahald, tónlistarvið- og menningarviðburði á eigin forsendum.

Einn af áhugaverðum kostum við sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi í eitt sveitarfélag er að rekstur framhaldsskólana fari yfir til sveitarfélagsins. Með því skapast áhugavert tækifæri til að þróa samstarf milli allra skólastiga með hag nemendanna að leiðarljósi.

Menningarmál

Samstarf sveitarfélaga á Austurlandi er mikið í menningarmálum. Með menningarsamningi við ríkið sem gerður var árið 2001, varð í framhaldinu ráðinn einn menningarfulltrúi fyrir Austurland. Samstarfið hefur haft jákvæð áhrif á þróun menningarstarfsemi á svæðinu og eflt samstarf sveitarfélaga í menningarmálum. Með sameiningu má sjá fyrir sér frekari útfærslu á starfi menningarfulltrúa með færslu verkefna yfir á sviðið, sem heyrði þá undir menningarsvið nýs sveitarfélags. Nýr menningarsamningur var endurnýjaður á árinu 2011 milli ríkis og sveitarfélaga með gildistíma til ársloka 2013.

Æskulýðs- og íþróttamál

Aukið samstarf getur boðið upp á marga möguleika á sviði æskulýðs- og íþróttamála. Ákveðnir erfiðleikar eru fyrir hendi í flestum þessara sveitarfélaga að halda úti liðum í mörgum greinum íþrótta vegna mannfæðar. Algengt er að þeir sem náð hafa árangri í ákveðnum íþróttum hverfa af svæðinu meðal annars vegna fámennis. Aukið samstarf um skíðasvæðin skapa áhugaverða möguleika til markaðssetningar á skíðasvæðunum á landsvísu. Hægt er að sjá fyrir sér sameiginlegan íþrótta- og æskulýðsfulltrúa á ákveðnum svæðum. Eitt héraðssamband er starfandi fyrir Austurland Ungmenna og íþróttasamband Austurlands. Samhliða breytingum á mörkum sveitarfélaga væri flutningur á verkefnum frá höfuðstöðvum UMFÍ í Reykjavík til ÚÍA möguleiki sem ætti að skoða. Fordæmi eru fyrir því að verkefni UMFÍ er stjórnað frá landsbyggðinni. Sem dæmi má nefna að starfsmaður sem sér um Unglingalandsmót er búsettur á Sauðárkróki.

Brunamál – og almannavarnir

Á Austurlandi eru starfrækt þrjú slökkvilið. Brunavarnir Austurlands þar er einn starfsmaður. Slökkvilið Fjarðabyggðar sem er eina atvinnu slökkviliðið á Austurlandi hefur á að skipa um 68 slökkviliðsmönnum, auk þess sem þeir sjá um þjálfun slökkviliðs Alcoa sem hefur á að skipa um 30 slökkviliðsmönnum. Rekið er sér slökkvilið í Breiðdalshreppi en á undanförunum misserum hefur samstarf þróast milli slökkviliðs Fjarðabyggðar og slökkviliðs Breiðdalshrepps. Að Brunavörnum Austurlands standa Djúpavogshreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Seyðisfjörður, Borgarfjörður eystri og Vopnafjörður. Eldvarnareftirliti hjá Brunavörnum Austurlands er framkvæmt af starfsmenn brunavarnanna. Hjá slökkviliði Fjarðabyggðar er sér starfsmaður sem sinnir eldvarnareftirliti auk þess að sjá um eldvarnareftirlit í Breiðdalshreppi. Með auknum kröfum sem gerðar eru til slökkviliðsmanna hefur verið reynst erfðra að manna

slökkvilið með áhugafólki og fólki í hlutastarfi. Eitt atvinnuslökkviliði þar sem um er að ræða sameiginlegar æfingar slökkviliðsmanna væri mikið framfaraskref fyrir fjórðunginn. Tvær almannavarnarnefndir starfa á svæðinu og gildir það sama með þær og slökkviliðinn að sameining þeirra væri kostur fyrir sem byggði á faglegri vinnubrögðum.

Hreinlætismál

Sífelld meiri kröfur eru gerðar til sveitarfélaga um meðhöndlun á sorpi. Tilskipanir Evrópusambandsins leggja auknar skyldur á sveitarfélög sem erfitt er að uppfylla kostnaðarlega nema í samstarfi við stærri heildir. Í meðhöndlun á sorpi felast ýmis tækifæri sem geta verið atvinnuskapandi fyrir svæðið í heild. Þá bjóða ákveðnir þjónustuaðila upp á úrræði sem mörg sveitarfélög hafa nýtt sér.

Sem dæmi um tilskipun frá Evrópusambandinu um meðhöndlun úrgangs segir:

- Að lífrænn heimilisúrgangur sem berst til urðunarstaðar hafi miðað við þann lífræna heimilisúrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni (tilfallins lífræns úrgangs), eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar en 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.
- Annar lífrænn úrgangur, svo sem lífrænn rekstrarúrgangur sem berst til urðunarstaða hafi miðað við þann úrgang sem féll til árið 1995 minnkað eigi síðar en 1. janúar 2009 niður í 75% af heildarmagni, eigi síðar en 1. júlí 2013 niður í 50% af heildarmagni og eigi síðar en 1. júlí 2020 niður í 35% af heildarmagni.
- Að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs. Minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðaúrgangs skal vera endurnýttur, þar sem minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi er endurunnið og þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðaefnis fyrir sig.
- Að endurnotkun og endurvinnsla úr sér genginna ökutækja sé eigi síðar en 1. Janúar 2006 að lágmarki 85%, og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 80% af meðalþyngd ökutækis. Eigi síðar en 1. janúar 2015 skal endurnotkun og endurnýting allra úr sér genginna ökutækja að lágmarki vera 95%, og á sama tíma endurnotkun og endurvinnsla að lágmarki 85% af meðalþyngd ökutækis.
- Að safnað verði að jafnaði 4 kílóum á hvern íbúða á ári af raftækjaúrgangi og hann meðhöndlaður á viðeigandi hátt.

Skipulags- og byggingarmál- Umhverfismál

Skipulagsmál skipta miklu máli við sameiningu sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að sveitarfélög á stærri landssvæðum komi að sameiginlegu skipulagi „svæðisskipulagi“ Slík vinna er góður grunnur til að móta framtíðarstefnu landslutana í svo sem samgöngumálum, atvinnumálum, umhverfismálum og félagsmálum. Með heilstætt skipulag er auðveldara fyrir fjórunginn að sækja fé til framkvæmda til ríkisvaldsins, enda liggur fyrir samþykkt skipulag sem tekur á forgangsröðum verkefna. Komi til

sameiningar sveitarfélaga er slík vinna mikilvægt innlegg í undirbúning verkefnisins. Þá má færa rök fyrir því að svæðisskipulag sé góður undirbúningur til að skapa sátt um sameiningu eða víðtækt samstarf sveitarfélaga.

Starf byggingarfulltrúa er einn af þeim þáttum sem sveitarfélög geta sameinast um. Stór hluti sveitarfélaga í landinu bera ekki eitt stöðugildi byggingarfulltrúa. Því hafa sveitarfélög á nokkrum stöðum á landinu sameinast um byggingarfulltrúa.

Með nýjum Mannvirkja- og skipulagslögum sem samþykkt voru í lok ársins er að finna mörg nýmæli frá fyrri lögum.

Í Mannvirkjalögum er gert ráð fyrir því að bygginganefndir sveitafélaga verði lagðar af, en þó er sveitastjórnnum heimilt að starfrækja byggingarnefnd með sérstakri samþykkt. Sveitafélögum er heimilt að fela löggiltum skoðunarstofum úttektir. Þessar skoðunarstofur skulu fá löggildingu Mannvirkjastofnunar.

Í skipulagslögum er meðal annars gert ráð fyrir því að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn varðandi stefnu um landnotkun – landsskipulagsstefnu. Má segja að slíkt ákvæði hljóti að skjóta skökku við sérstaklega þegar ríkisvaldið er að hvetja til að sameiningar sveitarfélaga með það að markmiðið að efla þau og færa þeim frekari verkefni og aukiðið vald.

Atvinnumál

Eitt af brýnustu verkefnum sveitarfélaga á Austurlandi er að styrkja stoðir atvinnulífsins og fjölga atvinnutækifærum. Samhliða uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Reyðarfirði hefur skapast öflugt þjónustunet sem styrkt hefur starfsemi margra smærri fyrirtækja á svæðinu. Sjávarútvegur skiptir fjórðunginn miklu í atvinnulegu tilliti. Mikilvægt er að íbúar landshlutans séu upplýstir um hvaða áhrif boðaðar breytingar á stjórn fiskveiða geti haft á atvinnulíf á landsbyggðinni.

Ferðaþjónustan hefur vaxið mikið síðustu ár. Byggir það á frumkvæði einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélagana. Ferðaþjónustan í sinni fjölbreyttu mynd á eftir að vaxa enn frekar og skapa mörg störf á svæðinu. Með frekari samvinnu sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga er hægt skapa fleiri heilsársstörf í greininni. Sérstaða svæðisins bíður upp á mörg tækifæri til að lengja ferðamannatímann. Með frekari útfærslu á hreindýraveiðum og nýtingu afurða þeirra í heimabygg má skapa frekari verðmæti sem styrkt getur ferðaþjónustuna á svæðinu. Austurland hefur marga kosti til að bera sem heillað getur útivistarfolk yfir vetrartímann. Góð skíðasvæði, göngu- og fjallaferðir yfir veturinn er eitt af því sem erlendir ferðamenn sækjast eftir í ríkari mæli. Landbúnaður var ein helsta atvinnugrein fjórðungsins fram eftir síðustu öld. Austurland er viðfermt svæði eða um 15.700 km² sem hentar mjög vel til landbúnaðarframleiðslu. Efling matvælaframleiðslu er mikilvægur þáttur í atvinnusköpun svæðisins. Skortu á hágæða matvælum sem svæðið getur boðið upp á til útflutnings, er tækifæri sem vert er að skoða.

Samstaða sveitarfélaga á Austurlandi í aðdraganda uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Reyðarfirði skipti höfuð máli um framgang þess máls. Þar skipti aðkoma stoðstofnana sveitarfélaga miklu máli. Verkefni sveitarfélagana í framtíðinni er að fjölga atvinnutækifærum. Mikilvægt er að fjölga störfum í öllum greinum atvinnulífsins og þá ekki síst þeim störfum sem kallar á menntað starfsfólk. Sameining sveitarfélaga getur verið góður kostur því stærri og öflugri einingar hafa meiri slagkraft til að ná árangri. Þá er það mikilvægt þegar leitað er til stærri alþjóðlegra fyrirtækja um atvinnuuppbyggingu að einingarnar séu stórar. Eitt að þeim atriðum sem skoðuð eru af alþjóðlegum fyrirtækjum, þegar þau velja sér stað til atvinnuuppbyggingar er stærð þjónustusvæðisins. Litið er á styrk sveitarfélagana til þess að byggja upp og standa að þjónustu við íbúana.

Þjónustumiðstöð/Áhaldahús

Í öllum byggðakjörnum eru áhaldahús/þjónustumiðstöðvar. Með auknum verkefnum frá ríkisvaldinu er hægt að styrkja þessar einingar. Flest áhaldahús/þjónustumiðstöðvar eru vel tækjum búnar. Verkefni þeirra geta því vel fallið að mörgum þeim verkefnum sem nú eru á hendi ríkisins svo sem þjónusta og umhirða þjóðvegakerfisins.

Þá er hægt að fara þá leið að draga úr vægi sveitarfélagana við rekstur þessara stofnana og bjóða út reksturinn. Með því skapast ákveðið tækifæri fyrir smærri verktaka í byggðalögunum, sem eiga oft erfitt uppdráttar við að halda úti starfsmenn allt árið. Áhaldahúsi/þjónustumiðstöðin væri þá með þjónustufulltrúa á svæðinu sem sæi um útboð og eftirlit með framkvæmdum.

Félagslegar íbúðir/öldrunaríbúðir

Samkvæmt opinberum upplýsingum er íslenska þjóðin að eldast. Fólk sem er að komast á lífeyrisaldur er margt hvert ágætlega fjárhagslega stætt og í góðu líkamlegu ástandi. Fólk í þessum hópi er ekki tilbúið að fara inn á stofnanir með fullri þjónustu. Flest af þessu fólki hefur fulla starfsorku og því er mikilvægt að finna nýjar leiðir í úrræðum fyrir þennan hóp fólks. Með umfram framboði húsnæðis á ákveðnum svæðum á Austurlandi væri áhugavert að markaðsetja húsnæðið með nýjar leiðir fyrir þennan aldurshóp í huga. Sjá má fyrir sér svæði tengt þessu húsnæði þar sem leyfilegt væri að hafa húsdýr. Þá mætti bjóða upp á heilsutengdar ferðir sem jafnvel aldraðir skipulegðu fyrir fólk frá öðrum landssvæðum og einnig erlendis frá.

Veitumál – vatnsveita- fráveita

Austurland er ríkt að fersku drykkjarvatni. Einn stærsta vandamál heimsins nú og í framtíðinni er gott aðgengi að fersku vatni. Nýta mætti þessa auðlind til atvinnusköpunar. Á nokkrum stöðum á Austurlandi hefur verið borað eftir heitu vatni. Jákvæðar niðurstöður hafa orðið af þeim borunum sem gefa vonir um að heitt vatna finnist á svæðinu. Einn af þeim möguleikum í orkukaupum sem sveitarfélög hafa er að fá tilboð frá raforkufyrirtækjum. Eftir því sem einingarnar eru stærri skapast möguleiki á að fá rafmagn á hagstæðara verði.

Samkvæmt Evróputilskipuninni eiga fráveitumál innan Evrópska efnahagssvæðisins að vera komin í viðunandi horf fyrir árslok 2005. Öll þéttbýlissvæði eiga að vera komin með skólphreinsun í lok árs 2005. Í dreifbýli og þar sem ekki er sameiginleg fráveita er gert ráð fyrir rotþró og siturlögn eða öðrum sambærilegum hreinsibúnaði. Enginn frestur er á þeim framkvæmdum, enda er þessi tilhögun í samræmi við eldri reglur hér á landi.

Í skýrslu umhverfisstofnunar frá 2003 „ *STAÐA MÁLA HVAÐ VARÐAR HREINSUN SKÓLPÞS Á ÍSLANDI*“ er um 30-35 % fráveitu á Austurlandi hreinsuð í rotþró. 65-70% er óhreinsað.

Hafnarmál

Fjöldi hafna í sveitarfélögunum eru ákveðið markaðstækifæri. Með frekari samstarfi hafnarsamlagana skapast möguleiki á að skilgreina hafnirnar frekar. Einnig er sú leið fyrir hendi að bjóða út rekstur ákveðinna hafna og fá að þeim rekstri aðila með hafnsækna starfsemi. Með því að fá einkaaðila að rekstrinum skapast möguleiki fyrir samrekstur við s.s. fiskmarkaði um vigtun sjávaraflla. Slíkt samstarf styrkir rekstur smærri hafna og skapar grundvöll fyrir rekstri fiskmarkaða.

Í sveitarfélögunum eru 2 stórskipahafnir og 12 fiskihafnir.

Sveitarfélög	Stórskipahöfn	Fiskihöfn
Djúpivogur	0	2
Breiðdalsvík	0	1
Stöðvarfjörður	0	1
Fáskrúðsfjörður	0	1
Reyðarfjörður	1	1
Eskifjörður	0	1
Neskaupsstað	0	1
Mjóifjörður	0	1
Fjarðabyggð	1	6
Seyðisfjörður	1	1
Borgarfjörður	0	1
Vopnafjörður	0	1
Hallormsstaður	0	0
Egilsstaðir	0	0
Brúarási	0	0
Eiðum	0	0
Fljótsdalshérað	0	0
Fljótsdalshreppur	0	0
Samtals	2	12

Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Verði af sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi í eitt sveitarfélag breytist verksvið SSA. Í gangi er vinna á vegum SSA og stofnana um heildarendurskoðun á fyrirkomulagi sambandsins og stofnana. Við þá endurskoðun væri eðlilegt að skoða möguleika á flutningi verkefna frá skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík til SSA.

Skólaskrifstofa Austurlands

Málefni fatlaðra heyra undir Skólaskrifstofu Austurlands frá og með 1. janúar 2011. Verksvið Skólaskrifstofu Austurlands eins og annara stofnana breytist við sameiningu sveitarfélaga. Starfsemi skrifstofunnar færist þá sjálfkrafa beint undir þau svið sem samþykktir nýs sveitarfélags segja til um. Með frekari flutningi verkefna frá ríki til

sveitarfélaga má sjá fyrir sér málefni framhaldsskólana undir menntasviði sem skapaði tækifæri á nýrri nálgun í skólamálum með samvinnu milli skólastiga. Hægt er að bjóða út sálfræði- og talmeinaþjónustu sem nú heyrir undir Skólaskrifstofuna. Með því skapast möguleiki fyrir einkaaðila að koma upp slíkri þjónustu í fjórðungnum sem nýst gæti íbúum svæðisins.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Með fleiri verkefnum frá ríki til sveitarfélaga á sviði eftirlitsmála, má ná fram umtalsverði hagræðingu í eftirlitsiðnaðinum með hag sveitarfélaga og atvinnurekstrar að leiðarljósi. Eitt af grundvallar atriðum í eflingu sveitarstjórnarstigsins er að sameina og einfalda eftirlitskerfið með flutningi verkefna frá eftirlitsstofnunum á höfuðborgarasvæðinu til heilbrigðiseftirlits sveitarfélagana.

Vinabæjarmál

Við sameiningu sveitarfélaga verða til margir vinabæir. Það getur reynst erfitt að velja milli þeirra ef kemur til fækkunar vinarbæja. Þessi staða hefur komið upp á Norðurlöngum þar sem sameiningar sveitarfélaga hafa átt sér stað. Með margra ára samstarfi hafa myndast tengsl sem erfitt getur verið að rjúfa. Ein leið er að byrja alveg upp á nýtt og hefja vinarbæjarsamstarf við ný sveitarfélög og þá aðeins á Norðurlöndunum. Sé vilji fyrir því innan byggðakjarna að halda sambandi áfram við fyrri vinarbæi er hægt að leysa það með samstarfi innan norrænufélagana á stöðunum

Fjármál sveitarfélaga á Austurlandi

Í viðauka með skýrslunni fylgja yfirlit yfir fjármál sveitarfélagana á Austurlandi. Um er að ræða rekstrarreikning og efnahagsreikning fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig. Auk þess fylgir samandreginn rekstrarreikningur og efnahagsreikningur fyrir sameinað sveitarfélag. Í viðaukanum eru samanburðurtölur í formi línurita milli sveitarfélagana. Það er hægt að sjá samanburð á helstu kennitölum milli þeirra.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Til þess að ná árangri í eflingu sveitarstjórnarstigsins þarf að breyta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga a.m.k tímabundið. Tekin hefur verið sú pólitíska afstaða hjá ríkisvaldinu að efla ákveðin svæði. Þetta er gert þrátt fyrir að engar samþykktir löggjafarvaldsins liggi fyrir. Markvisst er unnið að uppbyggingu ríkisstofnana á ákveðnum stöðum með flutningi þeirra frá einu sveitarfélagi til annars á landsbyggðinni. Stofnanir eru lagðra niður á Austurlandi hver af annari og eflar á Eyjafjarðarsvæðinu. Þá er markvisst unnið að því að efla norðurland vestra með flutningi starfa frá stofnunum á höfuðborgarasvæðinu norður. Borgarfjörður, Akranes, Árnessýsla og Reykjanes eru innan vaxtarsvæði höfuðborgarinnar.

Með áformum um 2+2 veg frá þessum svæðum inn á höfuðborgarsvæðið breytist samkeppnisstaða svæðanna gagnvart s.s. Austurlandi til muna. Til þess að mæta þessu tímabundið væri ein leið að breyta reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þá átt að þau svæði sem hallar á í opinberri uppbyggingu fái meiri framlög. Þetta væri ein aðferð til að ná fram jöfnuði í uppbyggingu á landsbyggðinni. Náist ekki samstaða um slík þarf að tryggja svæðunum fjármagn á fjárlögum Alþingis. Það fjármagn má eyrnamerkja til að auka fjölbreytni starfa á svæðinu.

Sóknaráætlun 20/20.

Með nýrri svæðaskiptingu er ekki gert ráð fyrir nýju stjórnsýslustigi milli sveitarfélaga og ríkis. Samvinna milli sveitarfélaga og innan svæða er ein forsenda þess að hægt verði að gera tillögur að aukinni valddreifingu og verkefnaflutningi sem gæti orðið einn af hornsteinum öflugra sóknaráætlana í öllum landshlutum. Gengið er út frá því að sveitarfélögin á hverju svæði vinni saman að ákveðnum verkefnum og eins geti í stórum málum átt sér stað nán samvinna milli svæða og saman myndi svæðin sjö eina öfluga heild sem verði grunnur að sóknaráætlun fyrir Íslands til framtíðar.

Eitt af markmiðum nýrra umdæmaskiptingar landsins í 7 svæði er einmitt að stuðla að markvissari uppbyggingu opinberrar þjónustu um allt land og skilvirkari verkaskiptingu milli ríkis og svæða/sveitarfélaga. Þá er markmiðið að efla burði þessara svæða/sveitarfélaga til þess að taka að sér verkefni og auka valddreifingu.

Sameinuð sveitarfélög innan svæða, eða öflugt samstarf sveitarfélaga á hverju svæði fyrir sig er því í raun forsenda fyrir slíkum verkefnaflutningi. Markmiðið er að færa þjónustuna nær fólkinu á hverjum stað og tryggja að ákvarðanir séu teknar nærri þeim stöðum þar sem þjónustan verður veitt.

Hin nýju svæði eru ekki síst hugsuð til að veita viðspyrnu í atvinnumálum og eiga sem slík að geta verið grunnur fyrir öflugri verkefni og margvíslega áætlanagerð á sviði atvinnu-, byggða-, skipulags- og samgöngumála. Þá ættu að gefast ný og spennandi tækifæri til að setja fram sýn um nánari samvinnu og samþættingu í allri opinberri þjónustu. Í því efni er ástæða til að setja fram sýn á nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar til horft er til lengri framtíðar. Þau verkefni sem nefnd hafa verið í tengslum við verkefnaflutning á undanförunum árum auk þeirra sem snúa að atvinnu- og byggðamálum eru m.a. eftirfarandi:

1. Rekstur öldrunarstofnana
2. Rekstur svæðisskrifstofa málefna fatlaða.
3. Rekstur hjúkrunarheimila (flest rekin af í formi sjálfseignastofnana).
4. Heilsugæslustöðvar.
5. Framhaldsskólar.
6. Svæðisbundnar löggæslustöðvar.
7. Rekstur menningarstofnana.
8. Rekstur minni heilbrigðisstofnana (þ.e. væntanlega allra fyrir utan LSH).
9. Rekstur almenningssamgangna og viðhald vega.
10. Rekstur flugvalla.

Sóknaráætlanir landshluta

Sóknaráætlanir verði unnar fyrir hvern landshluta. Þær taki mið af svæðaskiptingu Sóknaráætlunar, en sérstaklega komi til skoðunar að vinna sameiginlega áætlun fyrir allt Suðvesturhornið (Hvítá–Hvítá) og áætlun fyrir allt Norðurland. Auk fjármögnunar einstakra verkefna í fjárfestingaráætlun til langs tíma verði utan umhald og einstök verkefni sóknaráætlana landshluta fjármagnaðar með sameiningu vaxtarsamninga, menningarsamninga og endurskipulagningu og sameiningu á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar. Áætlanirnar leggi markmið *Íslands 2020* til grundvallar, auk hugmynda og áherslna sem fyrir liggja eftir þjóðfundi landshluta og stefnumörkun landshlutasamtaka í kjölfar þeirra. Forgangsöröðun einstakra verkefna á hverju svæði verði á hendi heimafólks. Skilgreindur verði sameiginlegur vettvangur sveitarstjórna og fulltrúa atvinnulífs og stofnana á hverju svæði sem komi í stað hinna ýmsu stjórna og nefnda sem koma að málum í núverandi skipulagi.

Sóknaráætlanir landshluta feli í sér forgangsöröðun og tillögugerð sem taki m.a. til:

- Gerðar svæðisskipulagsáætlunar sem skilgreini stefnu um landnotkun á hverju svæði.
- Áætlunar um eflingu sveitarfélaga með auknum verkefnum, samvinnu og sameiningu.
- Áætlunar um sjálfbæra nýtingu orku, auðlinda og afurða á viðkomandi svæði.
- Áætlunar um uppbyggingu grunnnets samgangna um land allt sem verði lokið fyrir árið 2020.
- Áætlunar um samgöngumiðstöðvar í hverjum landshluta og eflingu almenningssamgangna innan svæða út frá þeim.
- Stefnu um öruggt aðgengi að háhraðafjarskiptum um land allt.
- Stuðnings við klasasamstarf fyrirtækja þar sem skilyrði eru fyrir hendi.
- Einföldunar og endurskipulagningar á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar á viðkomandi svæði.
- Vinnumarkaðs- og menntaáætlana viðkomandi svæðis sem taki mið af þörfum beggja kynja.
- Stefnu um samstarf milli menntastofnana annars vegar og þekkingar- og nýsköpunarmiðstöðva hins vegar á hverju svæði.
- Menningar- og ferðamálastefnu fyrir viðkomandi svæði.
- Eflingar rafrænnar þjónustu og endurskipulagningar á opinberri þjónustu á hverju svæði.

Umbætur í opinberri stjórnsýslu og- þjónustu

Unnin verði umbótaáætlun um nauðsynlegar breytingar á opinberri stjórnsýslu, þjónustu og rekstri. Áætlunin taki mið af þjónustusvæðum Íslands 2020, áætlunum um eflingu sveitarstjórnarstigsins, endurskipulagningu löggæslu, heilbrigðis- og velferðarþjónustu og þeirri brýnu þörf sem er fyrir hagræðingu í opinberum rekstri. Sérstaklega verði hugað að hugmyndum um þverfaglegar þjónustumiðstöðvar ríkis- og sveitarfélaga í heimabyggð (one-stop-shop). Setja þarf tímasetta áætlun um eflingu rafrænnar stjórnsýslu og rafrænnar þjónustu á vefnum þar sem íbúar geti sinnt eigin erindum, alls staðar, allan sólarhringinn.

Einföldun, fækkun og samþætting lögbundinna stefna og áætlana

Samhliða vinnu við gerð fjárfestingaráætlunar til langs tíma og sóknaráætlanir landshluta er lagt er til að unnar verði heildstæðar tillögur að breyttu skipulagi og aðferðarfræði við stefnumótun og áætlanagerð innan stjórnsýslunnar. Markmiðið er að bæta yfirsýn og bæta vinnubrögð m.a. með því að fækka lögbundnum stefnum og áætlunum, tengja stefnumótun og áætlanagerð ráðuneyta betur við undirbúning fjárlaga og tryggja að árangursmat og eftirlit sé alltaf fyrir hendi.

Stofnun og rekstur fyrirtækja auðveldaður

Sköpuð verði kjörskilyrði til að stofna og reka fyrirtæki með einföldun á stjórnsýslu og regluverki, sterku og einfaldara nýsköpunarumhverfi og áherslu á þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Einföldun stjórnkerfis og stjórnsýslu

Stjórnkerfi og stjórnsýsla sem snýr að atvinnulífinu verði gert auðskilið með einföldun stuðningskerfis byggða- og nýsköpunarmála og háskóla- og rannsóknarmála, með sameiningu stofnana og sjóða og samræmingu verklags.

Efling sveitarstjórnarstigsins

Stefnt verði að stóreflingu sveitarstjórnarstigsins með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga og sameiningu og auknu samstarfi sveitarfélaga til að auka samfélagsþrótt í hverri byggð. Drög að áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins liggur fyrir.

Yfirlæsla verkefna frá ríki til sveitarfélaga

Til þess að markmið sameiningar sveitarfélaga nái fram að ganga það er að styrkja byggð í landinu er mikilvægt að ríkisvaldið færi fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Sameining ein og sér með þeim hagræðingum í stjórnkerfi sveitarfélagana sem er eitt af markmiðum sameiningar getur haft neikvæð áhrif á byggðaðpróun ef ekki koma til frekari verkefnaflutningur frá ríki til sveitarfélaga.

Verkefni sem áhugavert væri að flytja til sveitarfélagana:

- Heilsugæsla og öldrunarmál
- Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð, Impa, Fiskræktarsjóður, Styrkir til atvinnumála kvenna, Lifandi landbúnaður, Rekstrarnám kvenna, Tengslanet kvenna, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og aðrir málaflokkar sem vinna að atvinnuþróun og koma að styrkingu atvinnulífsins.
- Vegagerð, Siglingastofnun, umferðareftirlit og Umferðastofa
- Framhaldsskólar, tónlistarnám á framhaldsskólastigi.
- Landgræðsla og Skógrækt ríkisins.
- Eftirlits þáttur Fiskistofu undir heilbrigðiseftirlitið ásamt öðru eftirliti sem er á vegum ríkisins og einkaaðila.
- Hluti af Þjóðskrá og Fasteignamati ríkisins.
- Verkefni Rarik sem tilheyra landshlutanum ásamt hluta af verkefnum Landsvirkjunar og Landsnets verði færð undir nýja stofnun „Orkubú Austurlands“. Verðlagning á dreifingu rafmagns verði endurskoðuð. Austurland eitt dreifikerfi og neitendur á Austurlandi greiði fyrir flutning orku frá virkjunum á Austurlandi.
- Umsjón og eftirlit með þjóðgördum og stöðum á náttúruminjaskrá verði í heimabyggð.
- Lýðheilsustöð verði í fjórðungnum.
- Íbúðalánasjóður verði í fjórðungnum.
- Þjóðlendumál
- Þjóðskjalasafnið.
- Hluti af starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Hluti af starfsemi Tryggingarstofnunar.
- Hluti af starfsemi Innanríkisráðuneytisins.
- Hluti af verkefnum Umhverfisstofnunar og Umhverfisráðuneytisins

Niðurstaða

Með skýrslu þessari er velt upp þeim möguleikum að Austurland verði eitt sveitarfélag. Færa má rök fyrir því að reynsla af sameiningu sveitarfélaga í gegnum árin hafi bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Svo virðist sem sameining eins þéttbýliskjarna við dreifbýli hafi skilað meiri sátt meðal íbúa. Við sameiningu tveggja eða fleiri þéttbýliskjarna hefur frekar valdið deilum meðal íbúana. Sameining sveitarfélaga á Íslandi hefur verið með einum hætti. Sveitarfélög eru sameinuð án þess að ríkisvaldið komi með nokkrum hætti að borðinu með styrkingu innviða samfélagsins. Sameining hefur verið leið til að hagræða og spara. Með þeirri leið hefur fólki fækkað í stjórnsýslu sveitarfélagana og einingar veikist í stað þess að styrkjast eins og markmið sameiningar ætti að vera. Það er mjög mikilvægt að styrkja byggð í landinu. Sú stefna sem hefur verið upp um langan tíma að færa stofnanir frá landsbyggðinni inn á höfuðborgarsvæðið hefur veikt landsbyggðina. Ný störf hjá hinu opinbera verða til á höfuðborgarsvæðinu. Undantekning frá þessu er uppbygging Háskólans á Akureyri sem hefur styrkt það svæði verulega. Þá hefur það verið stefnan að styrkja og efla ákveðnar ríkisstofnanir á Akureyri á kostnað annarra þéttbýlisstaða á landsbyggðinni. Með áframhaldandi stefnu munu ákveðin svæði veikjast enn frekar og mun sífellt reynast erfiðara halda uppi lágmarks þjónustu.

Til þess að snúa þessari þróun við þarf nýja sýn í eflingu sveitarstjórnarstigsins. Samhliða sameiningu Austurlands í eitt sveitarfélag þarf að gera samning við ríkisvaldið um veigamikla breytingu á stjórnsýslunni. Færa þarf viðamikill verkefni til sveitarfélagsins. Með því er hægt að halda úti starfsemi í sem flestum byggðakjörnum og nýta þann mannauð sem þar er til staðar. Sameining sveitarfélaga á Austurlandi í eitt sveitarfélag án verkefnaflutnings frá ríki til sveitarfélagsins veikir aðeins byggðirnar og dregur úr þeim kraft. Sveitarfélag byggir á þeim fjölbreytta mannauði sem þar er fyrir hendi sem hlúa þarf að.

Eitt stærsta verkefni sem ráðist hefur verið í utan höfuðborgarsvæðisins er uppbygging virkjunar og stóriðnaðar á Austurlandi. Þessi uppbygging sem styrkt hefur svæðið og eflit náðist fram með samstöðu allra sveitarfélaga á Austurlandi. Jaðarsveitarfélögin studdu þessa uppbyggingu þó svo það gæti haft neikvæð áhrif á þau. Hætta var á því að fólk flytti inn á miðsvæðið og þar með veiktust jaðarsvæðin. Á vissan hátt hefur þessi þróun orðið, en á móti er styttra fyrir íbúa þessara svæða í fjölbreyttari þjónustu en áður stóð til boða á Austurlandi.

Sameining sveitarfélaga hefur gengið út á það að hagræða og draga úr útgjöldum. Það upplegg sem hér er gengur út frá er að búa til betra samfélag þar sem fjármunir og fólk er betur nýtt. Skilvirkari stjórnsýslu, betri skóla með fjölbreyttara námsframboði. Samvinnu skóla á leik- grunn- tón- og framhaldsskólastigum. Við sameiningu er mikilvægt að skapa sem mesta sátt milli staða þannig að innbyrðis deilur standi ekki í vegi fyrir metnaðarfullri uppbyggingu nýs sveitarfélags. Standa þarf vör um séreinkenni byggðakjarnana og rækta það grasrótarstarf sem blómstrar í mörgum þeirra.

Sameining sveitarfélaga má ekki verða til þess að veikja jaðarbyggðirnar. Finna verður leiðir til að þær haldi styrk sínum. Með sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi í eitt sveitarfélag með dreifðri stjórnsýslu víðtækum flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga væri verið að brjóta blað í eflingu sveitarstjórnarstigsins og landsbyggðarinnar.

1. Eitt sveitarfélag með stórauðnum verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga.

Djúpavogshreppur	447 íbúar
Breiðdalshreppur	199 íbúar
Fjarðabyggð	4.583 íbúar
Seyðisfjörður	668 íbúar
Borgarfjarðarhreppur	141 íbúar
Fljótsdalshérað	3.401 íbúar
Fljótsdalshreppur	80 íbúar
Vopnafjarðarhreppur	668 íbúar

Austurland 10.187 íbúar

2. Óbreytt ástand það er að segja átta sveitarfélög, með aukinni samvinnu og samrekstri ákveðinna málaflokka. Þessi átta sveitarfélög eru:

Djúpavogshreppur	447 íbúar
Breiðdalshreppur	199 íbúar
Fjarðabyggð	4.583 íbúar
Seyðisfjörður	668 íbúar
Borgarfjarðarhreppur	141 íbúar
Fljótsdalshérað	3.401 íbúar
Fljótsdalshreppur	80 íbúar
Vopnafjarðarhreppur	668 íbúar

Austurland II 10.187 íbúar

Lokaorð

Í skýrslunni er farið gróflega yfir málaflokka sveitarfélagana á Austurlandi. Reynt að greina þá þætti sem hafa mest áhrif verði af sameiningu. Þá er tekið á þáttum sem áhugavert væri að skoða í frekara samstarfi milli sveitarfélaga þó svo að ekki verði af sameiningu.

Skýrsluhöfundur leggur til að skýrslan verði tekin til umfjöllunar í sveitarstjórnnum á Austurlandi. Í framhaldi af því verði henni vísað til aðalfundar SSA til umræðu og afgreiðslu. Verði niðurstaðan að fá út í frekari vinnu við sameiningu sveitarfélaga er eftirfarandi lagt til:

- Gerð verði fjárhagsleg úttekt á sveitarfélögunum
- Farið verði í viðræður við ríkisvaldið um fjárhagslega aðkomu að sameiningunni og aðkomu ríkisvaldsins að verkefnum í samgöngumálum sem **mikilvægt** er að ná fram verði af sameiningu
- Gengið verði frá samkomulagi við ríkisvaldið (með fyrirvara að sameining gangi eftir) um flutning verkefna til nýs sveitarfélags.
- Kosið verði um sameininguna verði niðurstaða sveitarstjórna á Austurlandi jákvæð til málsins.

Viðauki I

- a. Rekstrarreikningur átta sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2009
- b. Rekstrarreikningur samandregin fyrir eitt sveitarfélag á Austurlandi fyrir árið 2009
- c. Efnahagsreikningur átta sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2009
- d. Efnahagsreikningur samandregin fyrir eitt sveitarfélag á Austurlandi fyrir árið 2009
- e. Línurit sem sýnir samanburð á helstu kennitölum milli fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2009
- f. Línurit sem sýnir samanburð á helstu kennitölum milli fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2009

Viðauki II

Tölur um stöðu atvinnumála á Austurlandi